

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, 161. mál

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, 161. mál. SVÞ hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja fá að koma eftirfarandi á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd.

Með umræddu frumvarpi eru lagðar til breytingar á starfsemi sýslumannsembætta á landinu, þ.m.t. fækkun þeirra úr 24 í 8. Þá eru einnig lagðar til ýmsar breytingar til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á lögreglulögum en frumvarp þess efnis er einnig til meðferðar hjá Alþingi, sbr. 173. mál.

Varðandi texta umrædds frumvarps og tilgang þess gera SVÞ ekki sérstakar athugasemdir að öðru leyti en að tryggt verði að þær umfangsmiklu breytingar sem þar eru lagðar til muni ekki fela í sér skerðingu í þjónustu gagnvart þeim sem á henni þurfa að halda. Ljóst er að framangreind fækkun embættanna er veruleg og um leið felur slík fækkun í för með sér að sækja þarf þjónustu um lengri veg en áður. Því er mikilvægt að tryggt verði að nútíma samskiptatækni verði nýtt með sem bestum hætti og að þjónusta verði með síauknum hætti veitt með slíkri tækni í stað þess að sækja hana á starfsstöðvar einstakra embætta.


SVÞ vilja hins vegar vekja sérstaka athygli á því sem fram kemur á bls. 12 í athugasemdum með umræddu frumvarpi undir c-lið, þ.e. samskipti sýslumanns við sveitarstjórnir. Orðrétt segir þar eftirfarandi: „Rétt er fyrir sveitarfélög á hverju stjórnarsýslusvæði að kanna þá möguleika sem felast í nánari samvinnu milli sveitarfélaga og viðkomandi sýslumannsembættis. Nefna mætti t.d. innheimtu á fasteignagjöldum og öðrum gjöldum. Önnur verkefni koma til greina svo sem símsvörun, bókhaldsþjónusta og fleiri verkefni fyrir minni sveitarfélög. Um þá viðleitni að flytja störf til landsbyggðarinnar og hvern þátt sýslumannsembættin geta átt í því er síðar fjallað. Samvinna sýslumannsembætta og sveitarstjórna getur skilað árangri í þeirri viðleitni.“

Í þessu samhengi ítreka SVÞ að sú þjónusta sem hér um ræðir er án undantekninga einnig veitt af einkaaðilum víða um land. Því er mikilvægt, komi til þess að opinberir aðilar taki þátt á slíkum almennum markaði, að gætt verði að því að sú þjónusta raski ekki samkeppni á markaði. Að sama skapi þarf að tryggja að um verði að ræða aðskilda rekstrarþætti frá annari starfsemi sýslumannsembætta þannig að ekki skapist hætta á að samkeppnisstarfsemi embættanna verði ekki niðurgreidd af opinberu fé með tilheyrandi röskun á markaði sem og samkeppni. Vísast hér m.a. til 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Því er mikilvægt að þessir

Þættir verði teknir til nánari skoðunar áður en ákvörðun er tekin um að veita þá þjónustu sem hér um ræðir og kann að skarast á við starfsemi einkaaðila.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir varðandi umrætt frumvarp til laga.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur